



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Opinn aðgangur að greinum og gögnum frá sjónarmiði háskólakennara

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

Íslensku- og menningardeild



# Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum



# Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang

- Háskóli Íslands leggur áherslu á að sem flestir geti notið afurða þess vísindastarfs sem unnið er innan háskólans. Háskólinn hvetur því starfsmenn til að birta fræðigreinar sínar á vettvangi þar sem aðgangur er opinn, svo sem í tímaritum í opnum aðgangi, safnvistun, forprentagrunnum, eða á annan hátt. Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang tekur ekki til bóka eða bókarkafla.



# Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang

- Starfsmenn skulu veita vísinda- og nýsköpunar-sviði án endurgjalds rafrænan aðgang að lokaútgáfu vísindagreina sinna ekki seinna en við birtingu. Þetta má gera með því að afhenda greinarnar á viðeigandi formi (svo sem PDF), senda krækju á veffang opins aðgangs að greinunum, eða á annan viðeigandi hátt.



# Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang

- Háskóla Íslands er heimilt að vista greinarnar og gera þær aðgengilegar í opnu rafrænu varðveislusafni. Gildir þetta um allar vísindagreinar ritaðar af starfsmönnum háskólans, einum eða með fleiri höfundum, á þeim tíma sem þeir eru ráðnir við háskólann.



# Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang

- Undanskildar eru vísindagreinar sem lokið var við fyrir gildistöku þessarar samþykktar og greinar sem vinna var hafin við fyrir gildistöku og um gilda skilmálar sem ekki falla að samþykktinni.
- Vísinda- og nýsköpunarsvið er jafnframt heimilt að undanskilja einstakar vísindagreinar frá samþykktinni, eða seinka birtingu þeirra um tiltekinn tíma, beri viðkomandi starfsmaður fram rökstudda skriflega ósk þess efnis, sbr. verklagsreglur þar um.



# Verklagsreglur Háskóla Íslands um opinn aðgang



# Úr verklagsreglum HÍ um opinn aðgang

- Höfundur getur óskað eftir að tiltekin tímaritsgrein verði undanskilin ákvæðum [um aðgengi á netinu] þegar sýnt þykir að ekki sé unnt að birta efni greinarinnar á vettvangi með opnum aðgangi. Slík undanþága getur verið ótímabundin eða falið í sér seinkun birtingar í opnum aðgangi. Eftirtalin sjónarmið eru m.a. lögð til grundvallar við mat á undanþágubeiðnum:





# Úr verklagsreglum HÍ um opinn aðgang

- *a. Vísindaleg gæði tímarits*

Höfundur stendur til boða að birta vísindagrein í virtu hefðbundnu áskriftartímariti með háan áhrifastuðul. Það er grundvallar stefnumið Háskóla Íslands að fjölga gæðabirtingum á öllum fræðasviðum háskólans. Í stefnu Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á að akademískir starfsmenn velji birtingarvettvang sem gerir strangar fræðilegar kröfur og er líklegur til að auka vísindaleg áhrif rannsóknastarfs skólans.



# Úr verklagsreglum HÍ um opinn aðgang

- Áhersla á birtingu greina í opnum aðgangi má ekki verða til þess að draga úr áhrifum rannsóknastarfs Háskóla Íslands á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Höfundar sem birta grein í áskriftartímariti með háum áhrifastuðli skulu ef unnt er jafnframt birta greinina í opnu rafrænu varðveislusafni.



# Úr verklagsreglum HÍ um opinn aðgang

- *b. Birtingarvettvangur ákveðinn af öðrum*  
Höfundur þarf að lúta ákvörðun annarra, t.d. stjórnanda rannsóknar eða meðhöfunda, svo sem við erlenda samstarfsháskóla eða rannsóknastofnanir.
- *c. Kostnaður*  
Kostnaður höfundar er talinn óhóflegur eða ekki í samræmi við það sem eðlilegt má teljast.



# Athugasemdir nefndar um opinn aðgang með tillögum nefndarinnar



# Athugasemdir nefndar sem samdi stefnuna

- Þessi stefnumörkun felur í sér verulega breytingu á vinnulagi og birtingarhefðum innan háskólasamfélagsins. Opinn aðgangur er til-  
tölulega nýtt hugtak og margir akademískir starfsmenn eru óvissir um hvað það felur í sér. Því er mikilvægt að stefnuþróingin verði kynnt mjög vel innan skólans og endanleg stefna mótuð í eins góðri sátt við allt háskólasamfélagið og kostur er.



# Athugasemdir nefndar sem samdi stefnuna

- Ljóst er að birting greina í tímaritum í opnum aðgangi getur haft umtalsverðan kostnað í för með sér – tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna á grein. Vitaskuld er ekki hægt að ætlast til þess að einstakir starfsmenn beri þennan kostnað. Vilji Háskólinn leggja áherslu á að starfsmenn hans birti greinar í slíkum ritum verður hann að koma til móts við þá að þessu leyti. Því er nauðsynlegt að móta reglur um hvernig það verði gert, og tryggja fé til þess.



# Athugasemdir nefndar sem samdi stefnuna

- Margir starfsmenn eru óöruggir um hvað þeir megi gera við verk sín, hvernig túlka beri samninga sem þeir gera við útgefendur, og hvaða viðurlögum þeir kynnu að verða beittir ef útgefendur teldu þá brjóta samninga. Nauðsynlegt er að skólinn sjái starfsmönnum fyrir ítarlegum upplýsingum um þessi atriði, og geti veitt þeim góða ráðgjöf á þessu sviði. Eðlilegt er að vísindasviði verði falið að veita slíka ráðgjöf, eftir atvikum í samvinnu við lögfræðing skólans.



# Athugasemdir nefndar sem samdi stefnuna

- Með móttun stefnu um opinn aðgang væri Háskólinn að fylgja í kjölfar fjölmargra erlendra háskóla. Slík ákvörðun hefði því engin sérstök áhrif á þau tímarit þar sem starfsmenn skólans birta greinar sínar – þau þurfa þegar að bregðast við sams konar ákvörðunum annarra skóla. Á hinn bóginn þarf að huga sérstaklega að því hvaða áhrif opinn aðgangur að greinum gæti haft á afkomu íslenskra tímarita.





# Athugasemdir nefndar sem samdi stefnuna

- Ef höfundar birta greinar sínar í Skemmunni eða á heimasíðu sinni um leið og þær koma út er hugsanlegt að það hefði áhrif á áskrifendafjölda og solumöguleika ritanna og það væri vitaskuld óheppilegt. Því er mikilvægt að haft verði gott samstarf við þessi rit og leitast verði við að framkvæmd stefnunnar verði í góðri sátt við þau, t.d. með seinkaðri birtingu greina um tiltekinn tíma ef þess er óskað.



# Viðbrögð nefndar um opinn aðgang við athugasemdum umsagnaraðila



# Viðbrögð nefndar við athugasemdum

- Úr sumum umsögnum má lesa að umsagnaraðilar hafi skilið stefnuðrögin svo að ætlast sé til að starfsmenn Háskólans birti greinar sínar í tímaritum í opnum aðgangi („gullna leiðin“ svo kallaða). Bent er á að í sumum greinum séu engin slík tímarit, þetta komi í veg fyrir birtingar í mörgum áhrifamiklum tímaritum, o.s.frv. Starfshópurinn bendir á að birting í tímaritum í opnum aðgangi er aðeins ein þeirra leiða sem nefndar eru í stefnuðrögunum.



# Viðbrögð nefndar við athugasemdum

- Sumir umsagnaraðilar láta í ljós áhyggjur af afkomu og tilvistargrundvelli íslenskra tímarita ef greinar í þeim verða í opnum aðgangi. Að einhverju leyti má leysa þetta með birtingartöf, eins og sum íslensk tímarit gera nú þegar (*Gripla*, tímarit Árnastofnunar, er t.d. með tveggja ára birtingartöf). Einnig má athuga hvort ritin myndu leyfa safnvistun, t.d. á loka-handriti höfundar.



# Viðbrögð nefndar við athugasemdum

- Margir umsagnaraðilar lýsa yfir áhyggjum af því að krafa um opinn aðgang hafi í för með sér skerðingu rannsóknarfrelsis. Þær áhyggjur eru óþarfar þar sem skýrt er tekið fram í drögnum að vísindasvið muni undanskilja einstakrar vísindagreinar frá samþykktinni, eða seinka birtingu þeirra ef rökstudd skrifleg ósk berst til sviðsins.



# Viðbrögð nefndar við athugasemdum

- Umsagnaraðilar hafa áhyggjur af kostun opins aðgangs ef gullna leiðin er valin. Það eru réttmætar áhyggjur og einhver kostnaður hlýst óhjákvæmilega af slíkri stefnu. Það er þó talið að slíkur kostnaður sé tímabundinn. Benda má á að a.m.k. 30% ritryndra tímarita, jafnvel allt upp í 60%, eru í opnum aðgangi og sú tala fer hækkandi. Hugsanlega getur hluti fjárveitinga sem fara til ritakaupa um tíma borgað fyrir birtingu í opnum aðgangi.



# Nauðsynlegt kynningarstarf um opinn aðgang



# Þættir sem þarf að kynna

- Gagnsemi opins aðgangs
  - hvaða gildi hefur hann fyrir höfunda og notendur?
- Stefna háskóla og sjóða
  - hvernig er hægt að uppfylla kröfur þeirra?
- Gullna og græna leiðin
  - hvenær á hvor við – hvað má og hvað má ekki?
- Opin leyfi
  - hvað merkja t.d. mismunandi tegundir CC-leyfa?
- Hver á að sjá um kynninguna?





# Splunkunýtt dæmi um árekstur sjónarmiða



# Fréttatíminn, 11. mars 2016

## Íslenska Stofnun Árna Magnússonar leyfir ekki notkun á gögnum íslensks nútímamáls

# Ómögulegt að hjálpa íslenskri tungu

**Árnastofnun krafðist þess að vefsíðan Tala, sem forritarinn David Blurton varði hundrað klukkustundum í að smíða, yrði tekin niður. Markmið síðunnar var að auðvelda honum og öðrum útlendingum að læra íslensku.**

David Blurton gerði vefsíðuna tala.is sem þjónaði svipuðum tilgangi og vefsíða Stofnunar Árna Magnússonar, Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. Hægt var að fletta

upp íslenskum orðum og sjá beygingarmyndir þeirra. „Ég vildi kenna sjálfum mér íslensku og var orðinn þreyttur á vefsíðunni þeirra. Hún er ekki notendavæn og öll á íslensku. Ég ákvað því að smíða tala.is með málfræðigögnum stofnunarinnar, sem eru opin öllum enda kostuð af skattgreiðendum.“

Í síðustu viku fékk hann símhringingu frá Kristínu Bjarnadóttur, ritstjóra hjá stofnun Árna Magnússonar, þar sem hann beðinn um að taka síðuna niður vegna brots á skilmálum. Brotið fólst í því að sér-

stakar málfræðilega athugasemdir verða að fylgja ákveðnum íslenskum orðum. „Þau segja athugasemdirnar vera „verk í vinnslu“. Lifandi tungumál er stöðugt verk í vinnslu og úrelt hugsun að gögnin geti ekki nýst þó þau séu ekki fullkomin. Í stuttu máli, þá má ég ekki gera heimasíðu sem birtir fleirtölu orðsins hestur því gögnin eru í þeirra eigu.“

Verkfræðingurinn Sverrir Á. Berg hefur sömu sögu að segja. Árið 2011 var hann atvinnulaus en áður starfaði hann hjá Google. „Eitt af því sem mér hefur alltaf þótt vanta er íslensk

stafsetningarleiðrétting í internet vafra. Ég ætlaði að gefa vinnu mína og byggja upp gott leiðréttingakerfi. Ég þurfti sérstakt leyfi frá Stofnun Árna Magnússonar vegna takmarkana þeirra á notendaleyfi gagna.“

Sverrir hafði samband við starfsmenn innan stofnunarinnar sem sýndu verkefninu áhuga í fyrstu en sáu sér ekki fært um að breyta skilmálunum. „Þegar öllu er á botninn er hvolfst hafa þau engan áhuga á að leyfa öðrum, utan rannsóknna háskólans, að notast við þeirra gögn. Í. | *sgk*



# BÍN – notkunarskilmálar

- Framsal gagna úr BÍN, að hluta eða í heild, til þriðja aðila er óheimilt. Leyfilegt er að láta gögn úr BÍN fylgja hugbúnaði sé tryggt að notkunin brjóti ekki í bága við notendaskilmála BÍN og að þriðji aðili undirgangist skilmálana að öllu leyti.
- Birting eða endurgerð beygingardæma úr BÍN er óheimil. Leyfi til notkunar á BÍN nær ekki til vinnu við beygingarforrit sem unnið er upp úr gögnum úr BÍN nema með sérstökum samningi.



# BÍN – notkunarskilmálar

- Breyting á gögnum er óheimil, að því marki sem hún kemur fram í afurðum eða niðurstöðum sem stangast á við upprunaleg gögn úr BÍN og gefa villandi eða rangar málfræðilegar upplýsingar, enda er skylt að geta rétthafa BÍN í notendaviðmóti í öllum afurðum sem unnin eru úr BÍN [...].
- Höfundar eiga rétt á verkum sem unnin eru samkvæmt samningum um notkun á BÍN.



# Mikilvægar spurningar sem þarf að svara

- Eiga öll gögn opinberra stofnana að vera opin  
– og aðgengileg öllum án endurgjalds?
- Á stofnun allan rétt á gögnum sem hún býr yfir  
– eða geta einstakir starfsmenn átt einhvern rétt?
- Hvað merkir „verk í vinnslu“  
– er hægt að nota það til að takmarka aðgengi?
- Hvernig á að tryggja gæði gagna  
– og hver ber ábyrgð á hugsanlegri misnotkun?
- Hver á að svara þessum spurningum?



Takk fyrir áheyrnina!